

REGLUGERÐ

248

26. okt.

fyrir Sundlaug Siglufjarðar.**1. gr.**

Eignin er rekin sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki undir nafninu Sundlaug Siglufjarðar.

2. gr.

Eigandi Sundlaugar Siglufjarðar er bæjarsjóður Siglufjarðar.

3. gr.

Rekstur stofnunarinnar er í höndum allsherjarnefndar, sem er fastanefnd innan bæjarstjórnar Siglufjarðar og fer kosning til nefndarinnar fram eins og til annarra fastanefnda bæjarstjórnarinnar.

4. gr.

Halda skal sérstaka gerðabók um málefni stofnunarinnar.

5. gr.

Nefndin fyrir hönd bæjarstjórnar sér um rekstur stofnunarinnar og skulu tillögur hennar lagðar fyrir bæjarstjórn. Árlega skal gerð rekstraráætlun stofnunarinnar. Afrit af ársreikningum (og starfsyfirliti) sendist íþróttanefnd ríkisins.

Enn fremur er hlutverk nefndarinnar:

- a. Niðurröðun á sundtímum eða baðtímum og gera tillögur um afnotagjöld.
- b. Útlán laugarinnar til íþróttamóta og sýninga.
- c. Tillögur um ráðningu fastra starfsmanna við daglegan rekstur eignarinnar og setja fastráðnum starfsmönnum erindisbréf.
- d. Ákvarðanir um viðhald eignarinnar og áhaldakaup.
- e. Tillögur um endurbætur.

6. gr.

Þegar raðað er niður sundtímum skólanna, skulu skólastjórar tilkvaddir og skólunum gefinn kostur á tímum, er samrýmast stundaskrá þeirra og fullnægja kröfum um sundnám.

7. gr.

Sundlaugina má aðeins leigja til sundiðkana, baða, sundsýninga og sundkeppni. Íþróttafélögin í Siglufirði fá eina klukkustund á dag forgangsrétt að hagkvæmum sundtíma fyrir félagi sína, ef þess er óskað, enda sé næg þátttaka þessa tíma. Sundiðkendum, sem þátt taka í sundnámskeiðum, má veita nokkur friðindi í aðgangseyri.

8. gr.

Ræsting og viðhald sé samkvæmt fyrirmælum um rekstur og notkun sundstaða. Forstöðumaður sundlaugarinnar annist daglegt eftirlit og annað það, er erindisbréf tilgreinir eða nefndin felur honum.

9. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

10. gr.

Verði ágóði af rekstrinum, skal honum varið til nauðsynlegra áhaldakaupa, viðhalds og endurbóta á eigninni, innan sem utan.

248 Verði afgangur af árstekjum, þrátt fyrir, að lagt hafi verið fé til þessa, sem
26. okt. fyrr er talið í greininni, skal það fé lagt til hliðar, til að mæta síðari þörfum.

11. gr.

Sundlaugarnefnd annast kaup á áhöldum og sé stofnunin eigandi þeirra allra.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er af bæjarstjórn Siglufjarðar, staðfestist hér með samkvæmt 9. gr. ípróttalaga, nr. 25 frá 12. febrúar 1940, til þess að öðlast gildi nú þegar.

Menntamálaráðuneytið, 26. október 1950.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

249
13. nóv.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Eyrarbakka.

I. RAFORKA

Rafveita Eyrarbakka selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.50 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 50 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 7.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 2.00 á ári af fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 38 aura hverja kwst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 6.00 á mánuði af einu herbergi hvorrar íbúðar og kr. 3.50 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem eru ætluð til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö.

Þar sem meðalstærð herberja í íbúð er undir 10 m² má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og 5 m² hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á 85 aura hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds, frá kr. 150.00 til kr. 175.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Ef uppsett rafvélaafl fastra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw., um kwst.mæli:
 - a. Á 40 aura hverja kwst.
 - b. Á 30 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag